

Hellnafell

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur við vog, sem gengur vestur úr Grundarfirði. Vogur þessi heitir **Hellnafellsvaðall** (1) að nesi, sem gengur út í hann miðjan, er heitir **Styttingsnes** (2), en fyrir vestan það er **Kirkjufellsvaðall** (3).

Hellnafellsbærinn stendur nú á bakkanum við vaðalinn austanverðan.

Vestan við bæinn rennur lækur, sem heitir **Bæjarlækur** (4), upptök hans eru í hæðunum fyrir ofan bæinn. Hóllinn inn frá húsinu heitir **Bæjarhóll** (5). Túnið inn frá bænum, inn að læk, sem heitir **Hesthúslækur** (6), heitir **Inntún** (7) eða **Niðurtún** (8). Fyrir innan Hesthúslækinn heitir **Hesthústún** (9). Fyrir ofan bæinn eru hólabungur, sem kallaðar eru **Hólar** (10). Fyrir neðan þá, milli þeirra og bæjarins og Niðurtúnsins, eru kallaðar **Mýrar** (11). Fyrir utan Bæjarlækinn er hóll, sem heitir **Hlöðuhóll** (12), á honum er heyhlaða. Fyrir utan Hlöðuhólinn er mýrarlæna, fyrir utan hana tekur við nýrækt, var þar áður melholt. Nú er þar hesthús; hóllinn, sem það stendur á heitir **Hesthúshóll** (13).

Bakkarnir inn frá túninu heita **Háubakkar** (14). Inn á þeim er allhá grasþúfa, sem kölluð er **Smaladys** (15). Fyrir innan Háubakka gengur fram grjóttangi fram í sjóinn, fer hann í kaf um flæðar, tangi þessi heitir **Gildrutangi** (16). Skammt fyrir innan Gildrutanga fellur lækur til sjávar, sem **Rauðsteinalækur** (17) heitir. Fyrir innan lækinn er tangi, sem **Vörðutangi** (18) heitir. Á honum er varða, um hana eru landamerki milli Hellnafells og Grafar. Lækur rennur til sjávar hjá Vörðutanga, á hann upptök sín í Ölkeldubörðum í Grafarlandi; lækur þessi ræður merkjum milli bæjanna að nokkru og sjónhending úr Hjaltalínsholti innanverðu í Grafargil við Snorrahorn. Upp með læknum að vestan er fremur lítið holt, grasi vaxið að vestan, en melur að austan, holt þetta heitir **Hjaltalínsholt** (19). Er það kennt við Odd Hjaltalín lækni; er sagt að hann hafi haft tjald sitt hjá holtinu, er hann hafi dvalið þarna til þess að safna grösom upp í fjallinu. Vestur frá Hjaltalínsholti eru grasivaxin börð, sem heita **Hjaltalínsbörð** (20). Fyrir ofan börðin

eru mýrahallar, sem ná upp að fellum tveimur, sem heita **Hærra-** (21) og **Lægra-Hellnafell** (22). Framan (vestan) undir neðra fellinu eru fornar bæjartóftir. Stóð Hellnafellsbærinn þar áður. Tún hefur verið þar allstórt og girt með torfgarði. Nokkru vestar undir fellinu er girðing, sem kölluð er **Nátthagi** (23). Vestast á neðra fellinu er stór steinn, sem heitir **Kötlusteinn** (24). Upp með Grafargili eru mýrasund og holtabörð, upp að fossi í gilinu, sem **Hundafoss** (25) heitir. Fyrir ofan fossinn eru hæðir, sem heita **Bringur** (26), ná þær vestur að gili, sem heitir **Svartagil** (27). Fyrir vestan Svartagil taka við sandhæðir, sem kallaðar eru **Bungur** (28). Niður Bungurnar fellur gil, sem heitir **Kinnargil** (29). Fyrir sunnan gilið, en neðan Bungurnar eru grasgeirar, sem heita **Kinnar** (30); niður af þeim eru dældir, sem kallaðar eru **Hvammur** (31). Upp af Bringunum er slétta, sem heitir **Flatir** (32). Vestur og upp af Flötum er dæld, sem heitir **Eldhamraskál** (33), er hún fyrir neðan **Eldhamrahorn** (34). Fyrir ofan Skálina er hátt klettabelti, sem heitir **Eldhamrar** (35). Upp af þeim eru Sandkúlur (gígar), ná þeir upp að hátindum. Austan við sandhóla þessa er dæld og upp af henni er borg, sem heitir **Hrútaborg** (36). Suður af Hrútaborg er skarð í tindana, sem heitir **Egilsskarð** (37). Austan við Egilsskarð er hár tindur, sem heitir **Tröllkarl** (38) (samanb. Bláfeld).

Niður frá Eldhömrum vestanverðum kemur gil, sem heitir **Hvanngil** (39); fellur það niður Bungur og í Búðá innri. Milli Kinnargils og Hvanngils, neðan við Bungur, er hlíð, sem heitir **Breiðahlíð** (40), myndast tunga þar sem Hvanngil kemur í Búðá.

Vestan við Hellnafellin er krókur, sem heitir **Hádegiskrókur** (41), upp yfir króknum er brún, sem heitir **Hádegisbrún** (42). – Frá Hellnafelli er hádegi á litlum hnúk, sem er austan við Arnardalsskarð og **Örn** (43) heitir. – Neðan við Hádegisbrún er sléttlendi vestur að Búðá, sem heitir **Græniblettur** (44). Austan við Grænablett er lækur, sem sprettur upp í Hádegisbrún, heitir hann **Kaldilækur** (45); fellur hann til sjávar vestan við Hellnafellstúnið. Austan við Búðá innri er klettur við sjóinn, sem **Íraklettur** (46) heitir.

Stafrófsskrá örnefna

Breiðahlíð 40	Smaladys 15
Bringur 26	Styttingsnes 2
Bungur 28	Svartagil 27
Bæjarhóll 5	Tröllkarl 38
Bæjarlækur 4	Vörðutangi 18
Egilsskarð 37	Örn 43
Eldhamrahorn 34	
Eldhamrar 35	
Eldhamraskál 33	
Flatir 32	
Gildrutangi 16	
Græniblettur 44	
Hádegisbrún 42	
Hádegiskrókur 41	
Háubakkar 14	
Hellnafell, Hærra- 21	
Hellnafell, Lægra 22	
Hellnafellsvaðall 1	
Hesthúshóll 13	
Hesthúslækur 6	
Hesthústún 9	
Hjaltalínsbörð 20	
Hjaltalínsholt 19	
Hlöðuhóll 12	
Hólar 10	
Hrútaborg 36	
Hundafoss 25	
Hvamar 31	
Hvangil 39	
Hærra-Hellnafell 21	
Inntún 7	
Íraklettur 46	
Kaldilækur 45	
Kinnar 30	
Kinnargil 29	
Kirkjufellsvaðall 3	
Kötlusteinn 24	
Lægra-Hellnafell 22	
Mýrar 11	
Nátthagi 23	
Niðurtún 8	
Rauðsteinalækur 17	